

Reykjavík, 11. júlí 2018

Staða á biðlistum eftir völdum skurðaðgerðum í júní 2018

Embætti landlæknis kallar þrjár á ári eftir upplýsingum um stöðu á biðlistum eftir völdum skurðaðgerðum. Greinargerðir þar sem niðurstöðurnar eru teknar saman og bornar saman við fyrri ár eru sendar til Velferðarráðuneytis og birtar á [vef](#) embættisins. Í þessari greinargerð er í fyrsta sinn birt samantekt á fjölda frestaðra aðgerða, þ.e. frestana sem tengjast sjúkrahúsinu, til að mynda vegna skorts á legurýmum. Að þessu sinni er sjónum beint að stöðu á biðlistum eftir aðgerðum sem eru hluti af biðlistaátaki, á þeim aðgerðastöðum sem taka þátt í áttakinu. Miðað er við stöðu á biðlistum í byrjun júní 2018. [Viðmiðunarmörk](#) Embættis landlæknis um ásættanlegan biðtíma eftir aðgerð eru 90 dagar eða 3 mánuðir. Víða erlendis er miðað við að 80% komist í aðgerð innan þess tíma og notast embættið jafnframt við þau viðmið. Vert er að árétta að í umfjölluninni er eingöngu átt við biðtíma eftir að einstaklingur fór á biðlista. Þannig er tími sem viðkomandi beið eftir tíma hjá sérfræðingi sem mat þörf á aðgerð og setti einstaklinginn á biðlista ekki meðtalinn.

Upplýsingar um bið eftir öðrum aðgerðum má finna í [töflu](#) á vef.

Nú þegar rúm tvö ár eru liðin af biðlistaátaki má sjá jákvæðar breytingar í öllum aðgerðarflokkum. Bið eftir skurðaðgerð á augasteini færir nær því að verða ásættanleg (einkum á Landspítala) og það sama má segja um bið eftir kvenaðgerðum. Bið eftir hjarta- og eða kransæðamyndatöku er innan ásættanlegra marka sem stendur. Þótt bið eftir liðskiptaaðgerðum hafi styst mikið er hún fjarri ásættanlegum mörkum, sérstaklega hvað varðar liðskiptaaðgerð á hné. Ljóst er að auka þarf afköst enn frekar. Fjallað er nánar um hvern aðgerðarflokk fyrir sig hér á eftir.

Agnes Gísladóttir, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði

Laura Sch. Thorsteinsson, sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða

Sigríður Haraldsdóttir, sviðsstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði


A. Sjúkrahústengdar frestanir aðgerða

Óskað var eftir upplýsingum um sjúkrahústengdar frestanir aðgerða. Dæmi um slíkar frestanir:

- Bráðaaðgerð gengur fyrir.
- Skortur á hjúkrunarfræðingum veldur því að ekki er hægt að innrita eins marga sjúklinga og deildin ætti að hafa pláss fyrir.
- Ekki er pláss á deild vegna sjúklinga sem eru tilbúnir að útskrifast af deildinni en skortir önnur úrræði.

Landspítali sendi ítarlegar upplýsingar um frestanir aðgerða eftir sérgreinum en samkvæmt upplýsingum frá öðrum aðgerðarstöðum var lítið sem ekkert um frestanir.


Alls voru 354 sjúkrahústengdar frestanir á aðgerðum á Landspítala á síðustu 12 mánuðum. Flestar frestanirnar voru í janúar 2018, þegar 57 aðgerðum var frestað. Flestar aðgerðir sem fresta þurfti voru bæklunarskurðaágerðir, en fresta þurfti 70 slíkum vegna bráðaaðgerða á sjúkrahúsinu og 39 vegna skorts á legurými á deild. Fresta þurfti 52 brjóstholsskurðaágerðum vegna skorts á legurými á gjörgæslu.




Í ljósi umfjöllunar um liðskiptaaðgerðir hér á eftir er athyglisvert að yfir 100 bæklunarskurðaágerðum hafi verið frestað á síðustu 12 mánuðum, oftast vegna forgangs bráðaaðgerða en einnig vegna skorts á legurýmum á deild.

B. Biðlistaáttak


1. Skurðaðgerð á augasteini



Mynd 1.1. Heildarfjöldi á biðlista. Um er að ræða fjölda aðgerða sem beðið var, þannig var einstaklingur talinn tvisvar ef viðkomandi beið eftir aðgerð á báðum augum. Mjög hefur fækkað á biðlista á undanförunum misserum.




Mynd 1.2. Staða á biðlistum í júní 2018. Heildarfjöldi á biðlista í júní 2018 var 1.049. Mjög misjafnt var eftir aðgerðarstað hve margir höfðu hafði beðið lengur en 3 mánuði. Sérstaka athygli vekur viðsnúningur á Landspítala, en nú hefur verið beðið eftir 5% aðgerða (22 af 436) lengur en 3 mánuði, en fyrir ári var hlutfallið 46% og 79% fyrir tveimur árum, þegar yfir 2.000 höfðu beðið svo lengi.




Mynd 1.3. Fjöldi framkvæmdra aðgerða. Aðgerðum fjölgaði mikið þegar biðlistaátaki var hleypt af stokkunum. Á síðustu 12 mánuðum var gerð 3.981 skurðaáðgerð á augasteini (bláar súlur) á tilgreindum aðgerðarstöðum.

Samantekt: Bið hefur styst verulega en misjafnt er á milli aðgerðarstaða hve hátt hlutfall hefur verið á biðlista lengur en 3 mánuði. Á Landspítala var miðgildi biðtíma 12 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum en 23 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 2017. Nú hafa 5% þeirra sem eru á biðlista eftir aðgerð þar beðið lengur en 3 mánuði, svo bið á Landspítala virðist vera að færast í ásættanlegt horf. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma frá öðrum aðgerðarstöðum en bið þar virðist vera lengri.

2. Hjarta- og/eða kransæðamyndataka (kransæðavíkkarir meðtaldar)




Mynd 1.1. Fjöldi á biðlista. Í júní 2018 voru 80 á biðlista og 7 einstaklingar, eða 9%, höfðu beðið lengur en 3 mánuði. Fyrir þremur árum voru yfir 200 á biðlista og hafði helmingur beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð. Bið eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku er því innan viðmiðunarmarka sem stendur.




Mynd 1.2. Fjöldi framkvæmdra aðgerða. Frá 1.6.2017 til 31.5.2018 voru gerðar 1.906 aðgerðir á Landspítala, ríflega 100 fleiri en tímabilin á undan.

Samantekt: Fækkað hefur mikið á biðlista eftir þessari tegund aðgerðar og bið virðist innan ásættanlegra marka.


3. Liðskiptaaðgerð á mjöðm




Mynd 3.1. Heildarfjöldi á biðlista á þeim aðgerðarstöðum sem eru hluti af biðlistaátakinu, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Í byrjun júní 2018 voru alls 354 á biðlista eftir aðgerð á þessum þremur stöðum, sem er svipaður fjöldi og fyrir ári þegar 366 voru á biðlista, en fyrir tveimur árum voru 492 á biðlista.




Mynd 3.2. Fjöldi sem hafði beðið lengur en 3 mánuði. Af þeim sem voru á biðlista í byrjun júní 2018 höfðu 214 verið lengur en 3 mánuði á biðlista, eða um 6 af hverjum 10. Þótt fækkað hafi í þeim hópi að undanförunu er viðmiðunarmörkum um að 80% komist í aðgerð innan þriggja mánaða fjarri því að vera náð. Ekki virðist markverður munur á hlutfalli sem hefur beðið svo lengi þegar tölur eru greindar eftir kyni (sjá fjöldatölur eftir kyni í [yfirlitstöflu](#) á vef).




Mynd 3.3. Mánuðir á biðlista. Hér sést fjöldi á biðlista eftir því hve lengi fólk hafði beðið. Þótt margir hafi verið mjög lengi á biðlista má sjá að fækkað hefur mikið í hópi þeirra sem höfðu verið á biðlista lengur en 9 mánuði og lengur en 12 mánuði á undanförunum tveimur árum.




Mynd 3.4. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir. Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á öllum þremur aðgerðarstöðunum (súlur) og fjöldi aðgerða (lína) á undangengnum 12 mánuðum (súlan við júní 2018 táknar því heildarfjölda á biðlista í byrjun þess mánaðar en línan sýnir fjölda aðgerða 1.6.2017-31.5.2018). Fjöldi framkvæmdra aðgerða var 635 frá 1.6.2015-31.5.2016 en á síðastliðnum 12 mánuðum voru gerðar 757 aðgerðir. Á heildina litið má til viðmiðunar sjá út úr myndinni að miðað við sama aðgerðafjölda á ári tæki tæpt hálf ár að gera aðgerðir á þeim sem eru nú á biðlista. Mjög misjafnt virðist þó vera milli aðgerðarstaða hve löng biðin er.




Mynd 3.5. Framkvæmdar aðgerðir á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu. Aðgerðum hefur fjölgað á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri frá því að átakið hófst árið 2016, en aðgerðafjöldi á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, var svipaður á undanförunum 12 mánuðum og hann var árið 2013.



Mynd 3.6. Miðgildi biðtíma. Myndin sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á þremur 12 mánaða tímabilum á Landspítala og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE). Ekki bárust upplýsingar frá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.6.2015-31.5.2016 var 37 vikur en 23 vikur tveimur árum síðar. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var miðgildi biðtíma 17 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 6 mánuðum. Miðgildi biðtíma hefur því styst töluvert þar en hefur farið vaxandi hjá þeim sem fóru í aðgerð á HVE, en miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum var 60 vikur.




Mynd 3.6. Fjöldi liðskiptaaðgerða á mjöðmum á hverja 100.000 íbúa. Ef fjöldi aðgerða er skoðaður eftir kyni má sjá að árið 2017 voru gerðar 277 aðgerðir á hverjar 100.000 konur en 166 á hverja 100.000 karla. Kynjamunur var minni áður. Sjá má fjölgun aðgerða eftir að biðlistaátakinu var hrundið af stað, en aðgerðum hafði fækkað áður, að öllum líkindum vegna verkfalla heilbrigðisstétta.




Mynd 3.7. Samanburður á fjölda aðgerða á Norðurlöndum. Í [skýrslu Nomesko](#) um heilbrigðistölfræði á Norðurlöndum er fjöldi aðgerða á hverja 100.000 íbúa skoðaður eftir kyni. Í skýrslunni er fjöldi aðgerða á árinu 2015 birtur (sökum smæðar gaf Ísland upp meðaltal árána 2011-2015). Aðgerðatíðni á Íslandi var lægri en á hinum Norðurlöndunum. Fjöldi aðgerða 2016 og 2017 á Íslandi samkvæmt Vistunarskrá Embættis landlæknis er orðinn líkari því sem hann var annars staðar árið 2015, en vera kann að aðgerðatíðni þar hafi einnig breyst á síðustu tveimur árum. Samanburð milli landa þarf að gera með fyrirvara, um er að ræða aðgerðir sem skráðar eru í vistunargrunna landanna og þar getur vantað aðgerðir sem gerðar voru utan opinberra sjúkrahúsa.

Samantekt: Ef fjöldi aðgerða á hverja 100.000 íbúa á hinum Norðurlöndunum árið 2015 er borinn saman við fjölda aðgerða hérlendis má sjá að á síðustu tveimur árum hefur fjöldi aðgerða farið að líkjast meira því sem hann er í nágrennalöndunum. Samkvæmt upplýsingum af [vef Sjúkratrygginga Íslands](#) var samþykkt að gera níu liðskiptaaðgerðir á mjöðm erlendis á árinu 2017 vegna langrar biðar hérlendis. Bið eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm hefur styst til muna en er fjarri því að vera ásættanleg.


4. Liðskipti á hné




Mynd 4.1. Heildarfjöldi á biðlista á þeim aðgerðarstöðum sem eru hluti af biðlistaátakinu, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsins á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Heildarfjöldi á biðlista er töluvert minni nú en fyrir tveimur árum. Í byrjun júní 2018 voru 653 á biðlista en í júní 2016 biðu 803.




Mynd 4.2. Fjöldi sem hafði verið á biðlista lengur en 3 mánuði. Af þeim 653 sem voru á biðlista í byrjun júní 2018 höfðu 472 verið lengur en 3 mánuði á biðlista, eða um 7 af hverjum 10. Þótt fækkað hafi í þeim hópi að undanförunu er biðtími enn langt umfram viðmiðunarmörk um ásættanlegan biðtíma.




Mynd 4.3. Mánuðir á biðlista. Myndin sýnir fjölda á biðlista eftir því hve lengi fólk hafði beðið. Þótt margir á biðlista hafi beðið lengur en 12 mánuði má sjá að fækkað hefur mikið í þeim hópi á undanförunum tveimur árum. Þá virðist innstreymi á biðlista hafa aukist.



Mynd 4.4. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir. Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á öllum þremur aðgerðarstöðunum (súlur) og fjöldi aðgerða (lína) á undangengnum 12 mánuðum (súlan við júní 2018 táknar því heildarfjölda á biðlista í byrjun þess mánaðar en línan sýnir fjölda aðgerða 1.6.2017-31.5.2018). Fjöldi framkvæmdra aðgerða var 511 frá 1.6.2015-31.5.2016, eða um 300 færri aðgerðir en fjöldi þeirra sem voru á biðlista í lok tímabilsins. Aðgerðum hefur fjölgað töluvert síðan þá, á síðastliðnum 12 mánuðum voru gerðar 718 aðgerðir og 653 biðu aðgerðar. Til að stytta biðlista þarf að vera mun meiri munur á fjölda á biðlista og fjölda aðgerða á ári. Þá má sjá með samanburði á myndum 3.4 og 4.4 að fjöldi liðskiptaaðgerða á hnjám er lítið minni en fjöldi aðgerða á mjöðmum en töluvert fleiri eru á biðlista eftir aðgerð á hné, enda sýna myndir 3.5 og 4.5 að miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í liðskipti á hné var mun hærra en þeirra sem fóru í liðskipti á mjöðm á síðustu 12 mánuðum.



Mynd 4.5. Framkvæmdar aðgerðir á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu. Áhrif biðlistaátaksins má sjá í fjölgun aðgerða frá tímabilinu 1.6.2016-31.5.2017 (gular súlur) miðað við tímabilin á undan.




Mynd 4.6. Miðgildi biðtíma. Myndin sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á þremur 12 mánaða tímabilum á Landspítala og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE). Ekki bárust upplýsingar frá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.6.2015-31.5.2016 var 63 vikur en 31 vika tveimur árum síðar. Af 451 sem fór í aðgerð á Landspítala á síðastliðnum 12 mánuðum beið helmingur því 31 viku eða lengur, eða a.m.k. rúma 7 mánuði. Biðtími þeirra sem fóru í aðgerð á HVE var mun lengri og styttist aðeins úr 71 viku í 64 vikur.


Samantekt: Þótt bið eftir liðskiptaaðgerð á hné hafi styst er hún fjarri því að vera ásættanleg og lengri en bið eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm. Samkvæmt upplýsingum af [vef Sjúkratrygginga Íslands](#) var samþykkt að gera sex liðskiptaaðgerðir á hné erlendis á árinu 2017 vegna langrar biðar hérlendis.

5. Kvenaðgerðir


Aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna urðu hluti af biðlistaáttakinu í mars 2017. Til samræmingar við skilgreiningar sem notast er við í norrænum samanburði var aðgerðarkóðum sem liggja að baki þessum flokki aðgerða breytt frá og með 2018 (kóða má sjá í [yfirlitstöflum](#)). Því ber að gera samanburð á milli ára með fyrirvara.



Mynd 5.1a. Heildarfjöldi á biðlista. Í byrjun júní 2018 voru 130 konur á biðlista en fyrir ári voru 275 á biðlista og 342 í júní 2015. Þótt aðgerðarkóðar sem liggja að baki þessum flokki aðgerða hafi breyst í innköllun frá og með 2018 má draga þá ályktun að fjöldi á biðlista eftir völdum aðgerðum á grindarholslíffærum kvenna hafi minnkað mikið á undanförunum árum.




Mynd 5.2a. Fjöldi sem hafði verið á biðlista lengur en 3 mánuði. Þótt 44% hafi verið á biðlista lengur en 3 mánuði hefur verulega fækkað í hópi kvenna sem hefur beðið svo lengi. Í byrjun júní höfðu til að mynda 58 konur beðið svo lengi en í febrúar síðastliðnum voru þær 128, eða 62% (sömu kóðar lágu að baki í febrúar og júní).




Mynd 5.3a. Framkvæmdar aðgerðir á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaáttakinu.


Aðgerðum fjölgaði umtalsvert á milli 1.6.2016-31.5.2017 (gul súla) og 1.6.2017-31.5.2018 á Landspítala (blá súla), á sama tíma og aðgerðum fækkaði á öðrum aðgerðarstöðum.




Mynd 5.4a. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir. Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á öllum þremur aðgerðarstöðunum (súlur) og fjöldi aðgerða (lína) á undangengnum 12 mánuðum (súlan við júní 2018 táknar því heildarfjölda á biðlista í byrjun þess mánaðar en línan sýnir fjölda aðgerða 1.6.2017-31.5.2018). Ef gerðar eru um 500 aðgerðir á ári má áætla að það taki um 3 mánuði að gera aðgerð á 130 konum.




Mynd 5.1b. Heildarfjöldi á biðlista eftir brottnámi legs. Í byrjun júní 2018 voru 69 konur á biðlista en fyrir ári voru 160 á biðlista. Fækkun á biðlista frá febrúar sl. nemur 40%.




Mynd 5.2b. Fjöldi sem hafði verið á biðlista lengur en 3 mánuði. Þótt 41% hafi verið á biðlista lengur en 3 mánuði hefur verulega fækkað í hópi kvenna sem hefur beðið svo lengi. Í byrjun júní höfðu til að mynda 28 konur beðið svo lengi en í febrúar síðastliðnum voru þær 57, eða 50% (sömu kóðar lágu að baki í innköllun í febrúar og júní).



Mynd 5.3a. Framkvæmdar aðgerðir á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu. Fjöldi aðgerða hefur breyst lítið en eins og áður getur er ekki um sömu aðgerðarkóða að ræða og áður, svo samanburður skal gerður með fyrirvara.



Mynd 5.4b. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir. Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á öllum þremur aðgerðarstöðunum (súlur) og fjöldi aðgerða (lína) á undangengnum 12 mánuðum (súlan við júní 2018 táknar því heildarfjölda á biðlista í byrjun þess mánaðar en línan sýnir fjölda aðgerða 1.6.2017-31.5.2018). Ef gerðar eru um 400 aðgerðir á ári má áætla að það taki um 2 mánuði að gera 69 aðgerðir.



Mynd 5.5. Miðgildi biðtíma. Myndin sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á þremur 12 mánaða tímabilum á Landspítala og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE). Ekki bárust upplýsingar frá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þótt ekki sé um alveg sömu aðgerðarkóða að ræða benda tölur til þess að biðtími eftir kvenaþgerðum sé að stytast. Því til stuðnings má skoða tölur úr innköllun frá febrúar þar sem stuðst var við sömu kóða og nú (sjá [yfirlitstöflu](#)). Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á völdum grindarholslíffærum á Landspítala á árinu 2017 var 25 vikur en 16 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.6.2017-31.5.2018 og samsvarandi tölur fyrir brottnám legs voru 11 vikur og 7 vikur. Tölur frá HVE voru svipaðar nú í júní og í febrúar.

Samantekt: Svo virðist sem jákvæð þróun hafi átt sér stað varðandi biðtíma eftir þessum aðgerðum og biðtími færir nær því að verða ásættanlegur.